

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 17. febrúar 2021, til íbúaráðs Laugardals vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartúnsreit vestur 1.216.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartúnsreit vestur 1.216, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu föstudaginn 19. febrúar nk. Tillagan er í kynningu frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/borgartunsreit-vestur-reitur-1216>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Borgartúnsreit vestur, reitur 1.216**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. febrúar 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur, afm. af Borgartúni, Snorrabraut, Sæbraut og Katrínartúni, samþykkt þann 7. apríl 2011. Þessi breyting felst í breyttum skipulagsmörkum við Snorrabraut og Borgartún og er lögð fram vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Breyta þarf gild. deiliskipulagi svo ekki verði skörun á skipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða. Breytingin felur í sér að deiliskipulagsmörk eru færð að austurhlið lóðamarka Sætúns nr. 1. Þá eru deiliskipulagsmörk færð að lóðarmörkum lóða við Borgartún, það eru lóðir við Borgartún nr. 1, 3 og 7 ásamt suðurhlið lóðar við Sætún nr. 1. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 7. apríl 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)